



Fréttabréf heimsforeldra
Sumar 2008

HEIMSFÖRELDRAR

SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA

TAKK FYRIR HJÁLPINA!

Kæra heimsforeldri,

Í sumar höfum við hjá Barnahjálpinni farið um landið með sýningu þar sem við segjum frá verkefnum UNICEF á sviði menntunar, heilsugæslu, HIV/alnæmis og verndar. Um er að ræða ljósmyndasýningu með sögum af börnum sem hafa notið góðs af verkefnum UNICEF, sem heimsforeldrar styðja. Við höfum sýnt hjálpargögn sem UNICEF sendir til barna í neyð um allan heim, t.d. heilsugæslupakka og skólapakka. Í þessu fréttabréfi munum við einmitt fjalla um hvernig hjálpargögn UNICEF hafa gagnast á nokkrum neyðarsvæðum það sem af er þessu ári.

Meðfram sýningunni voru settar fram upplýsingar þar sem bornar voru saman aðstæður fólks í Sierra Leóne og á hinum ýmsu stöðum um landið. Við spurðum: „Hvað ef Fjarðabyggð væri í Sierra Leóne?“, „Hvað ef Akureyri væri í Sierra Leóne?“ o.s.frv. En þess má geta að Sierra Leóne er í neðsta sæti á lífsgæðalista Sameinuðu þjóðanna á meðan Ísland er í því efsta.

Við slíkan samanburð kemur ýmislegt merkilegt, og í raun sláandi, í ljós. Þar má t.d. nefna að ef Akureyri væri í Sierra Leóne væru

aðeins 5.676 af rúmlega 16 þúsund íbúum Akureyrar, 15 ára og eldri, læsir. Ef Fjarðabyggð væri í Sierra Leóne myndi einn læknir þjónusta sveitarfélagið og 35 þúsund aðra Íslendinga. Og í Sveitarfélaginu Ólfus væru rúmlega 1 þúsund vannærðir af þeim tæplega 2 þúsund manns sem þar búa!

Allt var þetta gert til að færa okkur nær þeim aðstæðum sem svo margir í hinum fátækari heimshlutum þurfa að búa við. Skemmst er frá því að segja að fjölmargir Íslendingar í öllum fjórðungum landsins slógust í hóp heimsforeldra í sumar og bjóðum við þau hjartanlega velkomin í hópinn.

Með kærri kveðju og þökkum fyrir stuðninginn,



Stefán Ingi Stefánsson,
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

SKILABOÐ TIL ALLRA HEIMSFÖRELDRA

Við hjá UNICEF Ísland viljum að þú, kæra heimsforeldri, fái góðar upplýsingar um hvert framlag þitt rennur. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomið að hafa samband við okkur í síma 562 6262 eða með því að senda tölvupóst á heimsforeldri@unicef.is.

Mjög mikilvægt er að þú látir okkur vita um breytt heimilisfang, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag.

REYKJAVÍKURMARAFON GLITNIS

Eins og síðustu ár gefur Glitnir viðskiptavinum sínum og öðrum kost á að heita á góðgerðarfélag að eigin vali um leið og þeir hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu. Í fyrra nam stuðningurinn við UNICEF rúmlega 600 þúsund krónum, auk þess rann skráningargjald úr Latabæjarhlaupinu til Barnahjálparinnar og safnaðist 3,4 milljónir króna í gegnum það. Við hvetjum því heimsforeldra til að hlaupa til góðs í ár. Það munar um minna!



HÉR OG ÞAR OG ALLSSTAÐAR – HEIMSFÖRELDRAR!



Hanna Kristín Másdóttir
TERRA NOVA
Innanlandsdeild

1. Hver eru áhugamál þín?

Ferðalög, jafnt innan- sem utanlands, útivera og matargerð.

2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítil?

Samkvæmt móður minni talaði ég um að vera hjúrunarkona og/eða flugfreyja.

3. Hvers vegna ertu heimsforeldri?

Ég er svo lánsöm að hafa eignast heilbrigða stúlku, að mig langaði að leggja mitt af mörkum til að hjálpa öðrum að öðlast betra líf.

4. Hefur þú séð eða upplifað slæmar aðstæður barna í þróunarlöndunum?

Nei, ekki persónulega, en ég hef auðvitað séð fréttarflutning bæði í sjónvarpi og blöðum um það hörmulega ástand sem ríkir á mörgum svæðum í heiminum. Það fær mann til að hugsa hvað við höfum það gott og einnig hvort að við getum lagt eitthvað af mörkum til að bæta ástandið á þessum svæðum.

5. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?

Ég myndi vilja bæta lífsskjör og vinna að því að auðnum sé ekki svona misskipt í heiminum.

Tryggjum hverju barni
heilsuvernd, menntun, jafnrétti, umhyggju
EFLUM MANNÚÐ

Jarðskjálfti í Kína

Eftir að jarðskjálfti reið yfir Sichuan-héraði í Kína um miðjan maí bauð UNICEF strax fram aðstoð sína og sérþekkingu á sviði neyðaraðstoðar fyrir börn.

Eyðileggingin var gríðarleg og manntjón mikið. Um 70 þúsund manns létu lífið, nærri hálf milljón særðist og um mitt sumar var enn á 17 þúsunda saknað, auk þess misstu milljónir heimili sín. UNICEF hefur komið neyðargögnum til barna, veitt þeim sálræna aðstoð og vernd, og tryggt fólki hreint vatn, mat og skjól. Einnig vinnur UNICEF að því að gera skóla starfhæfa á ný, en um 11 þúsund skólar hrundu til grunna og 28 þúsund að auki urðu óstarfhæfir.

Eftir jarðskjálftann í Kína dreifði UNICEF m.a.:

- Tjöldum og teppum, auk stórra tjalda fyrir tímabundna skóla.
- 60 þúsund skólapökkum sem 4,8 milljónir kínverskra barna nutu góðs af.
- 100 tonnum af lyfjum, sjúkragögnum og næringu.
- Heilsugæslupökkum sem eru sérstaklega hannaðir fyrir neyðaraðstoð, en hver pakki sinnir þörfum um 10 þúsund manns í þrjú mánuði.

Sérfræðingur UNICEF á sviði vatns og hreinlætis, Yang Zhenbo, meðal barna í Danjing Shan Central-grunn-skólanum í bænum Danjing Shan í Sichuan-héraði.

Starfsmaður UNICEF, Ling Yun, yfirfer salerni sem UNICEF setti upp í tímabundnum skólum í borginni Mianyang í Sichuan-héraði.

Stúlkur fá áfallahjálp í Sichuan-háskóla í Chengdu, höfuðborg héraðsins. Stúlkurnar misstu foreldra sína eða urðu viðskila við fjölskyldur sínar þegar jarðskjálftinn reið yfir. Þær búa nú tímabundið í skólanum. Í fyrstu voru um 5.500 börn viðskila við fjölskyldur sínar en nú er sú tala komin niður í 1.000. Talið er að 400 börn séu munaðarlaus.



© UNICEF/Adam Dean



© UNICEF/Adam Dean



© UNICEF/Adam Dean

Kenía glímir enn við erfiðleika

Enn er mikil neyð í Kenía eftir að átök brutust út í kjölfar kosninganna þar í landi í lok síðasta árs. Þó athygli fjölmiðla hafi beinst annað í augnablikinu vinna starfsmenn UNICEF enn hörðum höndum að því að koma hjálpargögnum til fólks, veita börnum skjól og sameina fjölskyldur. Mikil átök stendur nú yfir sem kallast „Operation Return Home“, þar sem reynt er að hjálpa fólki að snúa aftur heim úr flóttamannabúðunum.

En eitt tekur við af öðru og nú telur UNICEF mikla hættu stafa af yfirvofandi þurrkum í Kenía, Sómalíu og Eþíópíu í Austur-Afríku. Það er því mikil þörf fyrir aðstoð á svæðinu um þessar mundir.



© UNICEF/Georgina Cranston

Barn situr á hækjum sér milli tveggja tjalda í flóttamannabúðum í bænum Kachibora í Rifdalnum mikla í Kenía. Barnið getur brátt snúið heim.



© UNICEF/Kenia

Sólrún Engilbertsdóttir starfar hjá UNICEF í Kenía á vegum íslenska utanríkisráðuneytisins. Hér má sjá hana dreifa hjálpargögnum til fólks eftir óeirðirnar.

Barni er lyft upp á flutningabíl sem ætlað er að keyra fólkið aftur til heimahaganna.

Mary Kerobo heldur á fimm mánaða gamalli dóttur sinni, Aino Nyakoke, fyrir framan byggingu sem brann til grunna í kosningaóeirðunum. Heimili Kerobo var eyðilaggt og eiginmaður hennar drepinn þegar hann hugðist líta eftir húsinu. Mary stendur ein eftir með þrjú börn. Eftir að hafa búið í flóttamannabúðum í nokkra mánuði komst hún aftur heim með börnin.



© UNICEF/Georgina Cranston



© UNICEF/Georgina Cranston

SKÓLAR Í MJANMAR OPNA MEÐ HJÁLP HEIMSFÖRELDRA

UNICEF á Íslandi hóf neyðarsöfnun eftir að hvirfilbylurinn Nargis lagði heilu samfélögin í rúst í Mjanmar í byrjun maí síðastliðinn. Alls söfnuðust 3 milljónir króna hér á landi til hjálparstarfsins. Í síðasta fréttabréfi var sagt frá áformum UNICEF um uppbyggingu skóla á þeim svæðum sem urðu fyrir mikilli eyðileggingu. Nú getum við sagt með stolti að með hjálp heimsföreltra og annarra dyggra stuðningsaðila UNICEF gátu yfir milljón nemendur hafið skólagöngu í byrjun júní í landinu. Alls nutu 4 þúsund skólar aðstoðar UNICEF.


Enn er mikil þörf fyrir skjól, drykkjarhæft vatn, salerni, mat og lyf. Aðgangur að þeim svæðum, sem verst urðu úti, hefur verið nokkuð heftur hjálparstarfsfólki, en þó má áætla að hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna hafi aðstoðað um 1,3 milljónir manna. UNICEF heldur áfram að dreifa nauðsynlegum sjúkragögnum, lyfjum og sérstakri næringu fyrir vannærð börn. UNICEF hefur einnig dreift skólagögnum og leikjapökkum til fyrrnefndra 4 þúsund skóla. Næstu sex mánuði horfir UNICEF fram á að auka aðstoð sína á sviði vatns og hreinlætis, sem og að veita börnum vernd og sameina fjölskyldur.



Það er alltaf spennandi að byrja í skóla. Börnin í grunnskóla nr. 11 í Yangon hafa þó þurft að upplifa meiri og öðruvísi spennu en jafnaldrar þeirra. Fresta þurfti setningu skólaársins vegna hvirfilbylsins, en hér má sjá börnin á sínum fyrsta skóladegi. Alls eru um 120 börn í bekknum. Skólinn fékk skóla- og leikjapakka frá UNICEF.



Kennarar í grunnskóla nr. 11 virða fyrir sér hjálpargögn frá UNICEF.



Nemendur í grunnskóla nr. 32 á sínum fyrsta skóladegi eftir hvirfilbyl-
inn. Notaðu þurfti skólann þeirra sem tímabundið skjól fyrir fólk sem missti
heimili sín. UNICEF setti nýtt þak á skólann og dreifði skóla- og leikja-
pökkum.



Hér má sjá skólatjald UNICEF sem sett var upp í þorpinu Kyane Chaung á
Irrawaddy svæðinu. Tjaldið tekur alls 50 nemendur í bekk og stendur nú á
sama stað og fyrrum þorpsskólinn sem eyðilagðist í hvirfilbylnum.

